

14. nóvember 2024

Viljayfirlýsing

um orkuskipti og öryggi neysluvatnsöflunar í Flatey á Breiðafirði

Reykholahreppur, Framfarafélag Flateyjar og Flateyjarveitur lýsa hér yfir sameiginlegri stefnu og vilja um að innleiða orkuskipti og tryggja raforkuöryggi í Flatey á Breiðafirði í samræmi við þann vilja sem kom skýrt fram á íbúafundi sveitarstjórnar og Flateyinga síðastliðið haust. Enn fremur er lýst yfir vilja til að tryggja öryggi neysluvatnsöflunar og aðgengis í Flatey.

Raforka í Flatey er nú eingöngu fengin með díselrafstöð og bilanir og rafmagnsleysi eru tíð. Húshitun fer þar fram með olíukyndingu og útbreidd notkun gas þar til eldunar með tilheyrandi eldhættu. Byggðin í Flatey er með öllu háð neysluvatnsflutningum frá landi með díselknúinni ferju og því með öllu ljóst að mikill skortur er á raforkuöryggi og vatnsafhendingaröryggi í eyjunni og byggðin alfarið háð notkun jarðefnaeldsneytis.

Brýn þörf er á öðrum raforkukostum í Flatey til að draga úr vægi jarðefnaeldsneytisnotkunar og innleiða þar orkuskipti með tilheyrandi raforkuöryggi í samræmi við markmið stjórnvalda um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og markmið kolefnishlutleysis, auk þess að tryggja byggðinni öruggt aðgengi neysluvatns.

Til þess ná fram markmiðum orkuskipta, raforku- og neysluvatnsöryggis í Flatey er mikilvægt að ná fram víðtæku samstarfi ríkisins, sveitarfélagsins, Orkubús Vestfjarða og annarra hagsmunaaðila. Með þessari viljayfirlýsingu er því einnig óskað eftir formlegu samstarfi við Orkubú Vestfjarða og Bláma með stuðningi Umhverfis-, orku- og loftlagsráðherra og beinni aðkomu ráðuneytisins til að vinna að nánari útfærslu, hlutverki og aðkomu aðila á innleiðingu orkuskipta og tryggja raforku- og neysluvatnsöryggi í Flatey á Breiðafirði.

Viljayfirlýsing þessi er undirrituð með rafrænum hætti og fyrir þeirra hönd af fulltrúum sveitarstjórnar Reykholahrepps, stjórnar Framfarafélags Flateyjar og stjórnar Flateyjarveitna.